

Samþykktir fyrir Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

I. kafli

Nafn, heimili og tilgangur félagsins

1. gr.

Félagið er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins (54%) og Reykjavíkurborgar (46%) og er nafn þess Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, kaup og sala fasteigna og eignarhluta í öðrum félögum, sala þjónustu hvers konar, rekstur fasteigna sem og að annast lánastarfsemi og annan skyldan rekstur.

II. kafli

Hlutfé félagsins, hluthafaskrá, forkaupsréttur, ofl.

4. gr.

Hlutfé félagsins er að nafnvirði kr. 3.782.326.000– krónur þrímílljarðarsjöhundruðáttatíuogtværmílljónirogþrjúhundruðtuttuguogsexþúsund00/100 Hver hlutur er að fjárhæð ein króna eða margfeldi þar af. Hlutir skulu vera einn eða fleiri og skulu þeir hljóða á nafn.

Fjármálaráðherra fer með eignarhlut ríkissjóðs og Borgarstjórnin í Reykjavík fer með eignarhlut Reykjavíkurborgar.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt til skráningar að nýjum hlutum í félaginu í hlutfalli við hlutfjáreign sína.

6. gr.

Hlutabréf skulu tölusett og hljóða á nafn viðkomandi hluthafa. Stjórn félagsins er heimilt að skrá og gefa út hluti í félaginu með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá. Í hlutaskrá skulu skráð nöfn, kennitölur og heimilisföng eigenda hluta í félaginu. Við eigendaskipti á hlut skal skrá nafn nýs eiganda í hlutaskrá. Félagið skal krefjast gagna sem staðfesta framsal á hlut þegar óskað er skráningar.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en skráning í hlutaskrá hefur

AS 13
Hörpu
tónlistar- og
ráðstefnuhús
ohf.

farið fram. Félaginu er þegar í stað skylt að skrá nýjan hlutahafa í hlutaskrá er tilskilin gögn um eignarétt nýs hluthafa liggja fyrir.

Hluthafar skulu hafa aðgang að hluthafaskrá.

7. gr.

Aðilaskipti að hlutum í félaginu, bein eða óbein, þ.m.t. með framsali eða veðsetningu, eru óheimil.

8. gr.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

III. kafli

Hluthafafundur

9. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

10. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga.

Heimilt er fulltrúum fjölmiðla, kjörnum fulltrúum eigenda og þingmönnum að sækja aðalfundi og hafa þessir aðilar rétt til að bera fram skriflegar fyrirspurnir.

11. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í tölvupósti, ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Á hluthafafundi skal ætíð boða stjórnarmenn félagsins, forstjóra og endurskoðendur þess. Hluthafafundi, þ.m.t. aðalfund, skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja hluthafar.

Formaður félagsstjórnar stjórnar hluthafafundum eða skipar til þess sérstakan fundarstjóra. Jafnframt tilnefnir hann fundarritara. Fundastjóri sker úr ágreiningi um lagatriði sem kunna að koma upp á fundinum.

12. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Umboðið skal vera skriflegt og dagsett.

AS
105
GAP

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða úrslitum nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

13. gr.

Á dagskrá aðalfundar skal m.a. taka eftirfarandi mál til meðferðar:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
3. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðanda.
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
7. Tillögur til breytinga á starfsreglum stjórnar.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

14. gr.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum. Fundargerðin skal lesin upp í fundarlok óski hluthafi eftir því.

IV. kafli

Félagsstjórn

15. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður stjórnar skal vera kjörinn sérstaklega. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef þess er óskað.

Við kjör í stjórn og varastjórn skal gæta þess að kynjahlutföll séu sem jöfnust, en hlutfall hvors kyns í stjórn og varastjórn skal ekki vera lægra en 40%.

16. gr.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála en falli atkvæði jöfn skal ákvæði formanns ráða úrslitum.

Skrá skal fundargerð hvers stjórnarfundar í fundargerðarbók.

17. gr.

Stjórnin kys sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstjóri. Stjórnarfundir skulu boðaðir með minnst sólarhrings fyrirvara.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skulu þær vera birtar á heimasíðu félagsins.

AS
105
HLL
JGP

18. gr.

Meirihluti stjórnarmanna hefur heimild til að rita firma félagsins.

V. kafli

Forstjóri

19. gr.

Stjórn félagsins ræður forstjóra og ákveður starfskjör hans. Forstjóri skal jafnan hafa prókúruumboð fyrir félagið.

Forstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða meiri háttar. Forstjóri sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Honum ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska eftir.

20. gr.

Forstjóri er skyldur til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Heimilt er að ráða stjórnarmann forstjóra.

VI. kafli

Reikningar og endurskoðun

21. gr.

Ríkisendurskoðun skal endurskoða reikninga félagsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Skal endurskoðandinn rannsaka allt reikningshald og reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund.

22. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund. Reikningurinn skal þá afhentur endurskoðanda félagsins til endurskoðunar.

Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreikninga eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, þar sem honum þá að senda hann til stjórnar félagsins ásamt athugasemdum sínum.

Í síðasta lagi viku fyrir aðalfund skal stjórn félagsins hafa samið svör sín við athugasemdum endurskoðanda og skulu þau og athugasemdirnar liggja hluthöfum til sýnis ásamt ársreikningi a.m.k. viku fyrir aðalfund.

VII. kafli

Breytingar á samþykktum félagsins

23. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum.

VIII. kafli

Slit félags

24. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur skal kjósa tvo menn í skilanefnd sem fer með slit félagsins í samræmi við ákvæði laga.

IX. kafli

Almenn ákvæði

25. gr.


Þar sem ákvæði samþykta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög eins og þau eru á hverjum tíma, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykktir þessar skal birta á heimasíðu félagsins.

Þannig samþykkt í Reykjavík 14. ágúst 2020


Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
Stjórnarformaður


Árni Geir Pálsson
Varaformaður stjórnar


Arna Schram
Stjórnarmaður


Guðni Tómasson
Stjórnarmaður


Aðalheiður Magnúsdóttir
Stjórnarmaður